

gallerí  
**KLAUSTUR**  
**2007**

Ingiberg Magnússon

Að heiman og heim aftur

1.7 - 20.7





Yfirskrift sýningarinnar vísar til þess að verkin tengjast flest bernsku minni á Héraði. Sem barni fannst mér tveir staðir búa yfir meiri furðum og leyndardómum en allir aðrir, Héraðssandur og Hallormsstaðaskógur. Þar voru undur meiri en ég gat ímyndað mér að finndust á öðrum stöðum í veröldinni. Svo ólíkir sem þeir eru, auðnin og gróskan, höfðu þeir til ímyndunarafis míns með yfirþyrmandi krafti. Að fá að heimsækja þessa staði var mikil veisla sem ég hef haft í farangrinum alla tíð síðan.

Þriðja stefið í sýningunni lýsir aðdáun minni á handverki og hugviti fyrri kynslóða í húsagerð.

Þó myndirnar séu afrakstur síðari tíma heimsókna á æskustöðvarnar vona ég að þær sýni með einhverjum hætti þá væntumþykju sem ég ber til þeirra staða þar sem æska mín á heimkynni. Myndirnar á sýningunni eru allar unnar með þurrpastellitum á pappír.



*Í skógi.*  
Purrpastel  
á pappír.  
2006.

*Verkin á sýningunni*

1. Minning úr skógi
2. Í skógi
3. Í skógi
4. Gljúfrabúi
5. Gljúfrabúi
6. Á Héraðssandi
7. Á Héraðssandi
8. Á Héraðssandi
9. Við Bjarglandsá
10. Úr skógi
11. Úr skógi
12. Úr skógi
13. Úr skógi
14. Gamall veggur



**Ingiberg Magnússon** fæddist í Skagafirði árið 1944. Hann ólst upp í Hjaltastaðapinghá á Fljótsdalshéraði frá eins árs aldri. Ingiberg hefur unnið við kennslustörf við ýmsa skóla ásamt myndlistarstörfum frá 1970. Hann er nú kennslustjóri í listum við Fjölbrautarskólann í Breiðholti og kennir þar menningarsögu og verklegar myndlistargreinar.

### **Menntun / Education**

Ingiberg stundaði myndlistarnám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands á árunum 1965-1970.

### **Sýningar / Exhibitions**

Ingiberg á að baki um það bil 15 einkasýningar og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga innan lands og utan. Hann á verk í flestum listasöfnum héraðs og víða erlendis.

### **Viðurkenningar / Honour**

Ingiberg hefur tvisvar hlotið starfslaun listamanna. Hann var gestalistamaður Norræna félagsins í Óðinsvéum árið 1984 og bæjarlistamaður Kópavogs 1988.

*Nánari upplýsingar um Ingiberg og verk hans má nálgast á:*

*[www.umm.is](http://www.umm.is)*